AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Eskiholts II, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun samkvæmt lögum nr. 73/1997.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

Borgarnesi, 5. október 2001.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

Sigurður P. Harðarson.

10. október 2001 Nr. 813

AUGLÝSING

um skipulag í Hrunamannahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps deiliskipulag í land Auðsholts.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð samkvæmt 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Flúðum, 10. október 2001.

Loftur Þorsteinsson oddviti.

12. október 2001 Nr. 814

AUGLÝSING

um deiliskipulag veiðihúsa í landi Stórólfshvols, Hvolhreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hvolhrepps, þann 4. október 2001, deiliskipulag veiðihúsa í landi Stórólfshvols, Hvolhreppi.

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir byggingu sjö húsa m.a. svefnskála, eldhúss, starfsmannaskála og aðstöðuhúss auk 30 bílastæða.

Deiliskipulagið hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og hlotið meðferð skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hvolsvelli, 12. október 2001.

F.h. sveitarstjórnar Hvolhrepps,

Ágúst Ingi Ólafsson sveitarstjóri.